

Nr. 22/1884.

Jörundur bóndi Jónsson

gegn

Arnljóti presti Ólafssyni.

Dómur:

Á skiptum á búi áfrýjanda og fyrri konu hans, sem fram fóru fyrir skiptarjetti Eyjafjarðarsýslu 17. dag febrúarmán. 1877, var meðal annara barna þeirra hjóna, Jóhannesi Jörundssyni, þá hálfmyndugum, útlagður $\frac{1}{10}$ hluti úr jörðinni Syðstabæ í Hrisey. 3. októbermán. næstan eptir seldi Jóhannes föður sínum (áfrýjanda) þenna jarðarpart fyrir 220 kr., án þess að hann fengi neinn meðráðamann settan til þess að samþykkja gjörninginn. Þessum kaupum vildi Jóhannes ripta, og gaf því hinum stefnda, Arnljóti presti Ólafssyni, afsalsbrjef fyrir jarðarpartinum 3. marz 1881 með samþykki meðráðamanns, er honum í því skyni hafði verið settur. Síðan krafði hinn stefndi áfrýjanda, ábúanda jarðarpartsins, um landskuld og leigur af honum, og er hann ekki vildi þetta greiða, bygði hinn stefndi honum út af jarðarpartinum; og með því áfrýjandi skeytti alls ekki um útbygginguna, en sat kyr á jarðarpartinum án þess að gjalda eptir hann, höfðaði hinn stefndi mál á hendur áfrýjanda fyrir aukarjetti Eyjafjarðarsýslu, og krafðist, að áfrýjandi yrði dæmdur:

1. til að greiða honum hæfilega landskuld og leigur af jarðarpartinum frá 3. marz eða frá fardögum 1881 að telja;
- 2., til að greiða honum skaðabætur fyrir vanskil á eptirgjaldinu af jarðarpartinum, fyrir þrásetu á honum, og skaðvænlega útleiging á lóð jarðarinn-

ar allt að 2000 kr., svo og vöxtu af eptirgjaldinu og skaðabótunum fra sáttakærudegi og

3., til að lúka sjer öllum málskostnaði eptir mati dómarans. Á hinn bóginn krafðist áfrýjandi, að hann yrði sýknaður af öllum kærum og kröfum hins stefnda, Arnljóts prests Ólafssonar, og að hann (Arnljótur prestur) yrði dæmdur til að greiða sjer allan kostnað af málinu.

Hinn 4. marz þ. á. var dómur lagður á málið í hjeraði með þeim úrslitum, að Jörundur Jónsson skyldi greiða Arnljóti presti Ólafssyni árlegt eptirgjald eptir $\frac{1}{10}$ hluta Syðstabæjar frá fardögum 1881 að telja, eptir mati óvilhallra manna, með 4% leigu árlega frá 5. desbr. 1883. Málskostnaður skyldi falla niður. Nokkur ummæli áfrýjanda um hinn stefnda í sáttakærunni voru dæmd dauð og ómerk.

Hjer fyrir yfirdóminum hefur áfrýjandi málsins, Jörundur Jónsson, krafizt fyrst og fremst, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur, og hinn stefndi skyldaður til að greiða sjer málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi, en til vara, að hann verði dæmdur sýkn af kærum og kröfum hins stefnda, Arnljóts prests Ólafssonar, enn hinn stefndi skyldaður til að greiða sjer málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi eptir mati yfirdómsins.

Á hinn bóginn hefur hinn stefndi farið fram á, að hjeraðsdómurinn verði staðfestur, en að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað fyrir yfirdómi með einhverju nægilegu eptir mati yfirdómsins.

Að því kemur til aðalkröfu áfrýjanda, sem sumpart er byggð á því, að hann telur galla á sáttatil-

rauninni, sumpart á því, að dómariinn hafi ekki leiðbeint áfrýjanda í hjeraði, ekki viljað víkja úr dómarasæti í málinu, og ekki tekið sjer meðdómssmenn til að dæma málið, þá verður hún ekki til greina tekin, því ekki eru þeir gallar á sáttatilrauninni, að málinu skyldi vísa frá dómi, og heldur ekki hefur hjeraðsdómariinn eptir atvikum vanrækt skyldu sína að leiðbeina málsþörtunum, ekki var hann heldur á þann hátt viðriðinn málið, að honum bæri að víkja úr dómarasæti í því, og ekki er mál þetta þess eðlis, að dæma skyldi það með meðdómsmönnum.

Að því þarnæst aðalmálefnið sjálft snertir, þá er það sannað, og að nokkru leyti viðurkennt í máli þessu, að áður en áfrýjandi varð eigandi að Syðsta-bænum, hafði hann hjá fyrri eigendum hans fengið lífsábúð á allri jörðinni, og þessum rjetti virðist hann eigi að hafa tapað gagnvart Jóhannesi syni sínum, þótt þessum á skiptum eptir konu áfrýjanda væri lagður út til eignar partur af jörðinni, og það því síður, sem áfrýjandinn á skiptunum hafði áskilið sjer lífsábúð á tjeðum parti, og það var samþykkt af Jóhannesi og sýslumanni; en þar af leiðir þá aptur, að honum bar samkvæmt konungsbrjefi 22. desbr. 1797 (tilskip. 18. júní 1723) forkaupsrjettur á jörðunni, ef eigandi vildi selja. Nú með því Jóhannes seldi síra Arnljóti opt umgetinn $\frac{1}{10}$ hluta jarðarinnar án þess að bjóða áfrýjanda hann, er afsalsbrjef það, sem hann ásamt meðráðamanni gaf út 3. marz 1881, ógilt gagnvart áfrýjandanum, og ber því að dæma áfrýjanda samkvæmt kröfu hans sýknan af

kærum og kröfum hins stefnda í máli þessu. Málskostnaður virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Að því ómerking umgetinna ummæla áfrýjanda um hinn stefnda snertir skal hjeraðsdóminum óraskað.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi þessa máls, Jörundur Jónsson, á að vera sýkn af kærum og kröfum hins stefnda, Arnljóts prest Ólafssonar, í þessu máli. Málskostnaður bæði fyrir undir- og yfirdómi falli niður. Að því ómerking nokkura ummæla áfrýjanda um hinn stefnda snertir, skal hjeraðsdóminum óraskað.

Mánudaginn 29. septbrmán.

Nr. 35/1884.

Rjettvísín

gegn

Jóni Jónssyni.

Úrskurður:

Áður enn fullnaðardómur verði lagður á mál þetta er nauðsynlegt, að fyrverandi húsbóndi hins ákærða, Kjartan prófastur Einarsson á Húsavík, sje látinn gefa fyrir rjetti skýrslu viðvíkjandi þeim saltbrennda fiski, sem hinum ákærða er gefið að sök að hafa selt í óleyfi hans, og viðvíkjandi öðrum þeim munum, sem hinn ákærði á að hafa tekið frá honum ófrjálsri hendi, sem og vottorð um hegðun hins ákærða meðan hann var hjú tjeðs prests. Sömuleiðis vantar vottorð frá undirdómaranum um, hvort hinn ákærði